Raunvextir af ríkisskuldabréfum á Íslandi og í öðrum löndum


alls ekki ætlunin að skattleggja hóflega vexti af venjulegum sparnaði almennings. Fjármagnstekjuskattur af háum tekjum af þessu tagi er hins vegar réttlætis- og sanngirnismál, þótt hann verði ekki mikilvægur tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Lækkun vaxta af ríkisskuldabréfum er lykillinn að almennri vaxtalækkun

Þegar grannt er skoðað virðist ljóst að raunvextir af ríkisskuldabréfum erlendis séu að jafnaði á bilinu 4—5%. Það virðist eðlilegt að stefna að því á næstunni að raunvextir af spariskírteinum hér á landi lækki um allt að 3% þannig að þeir verði sambærilegir við það sem gerist í nágrannalöndunum. Þetta er líklega öruggasti vaxtasamanburður sem unnt er að gera milli landa. En til þess að það takist að færa lánakjör hér á landi í sama horf og í grannlöndunum þarf tvennt að liggja fyrir: **Annars vegar að dregið verði úr lánsfjárþörf ríkisins með lækkun útgjalda og hækkun skatta og hins vegar að framundan sé lækkun verðbólgu sem ekki gangi til baka.**

Þótt erfiðara sé að meta það má ætla að svipaða sögu sé að segja af raunvöxtum á öðrum sviðum fjármagnsmarkaðarins hér á landi í samanburði við önnur lönd. Því kemur fyllilega til álita að beita ákvæðum Seðlabankalaganna um íhlutun bankans í vaxtaákvarðanir banka og sparisjóða lækki raunvextir útlána þeirra ekki samhliða lækkun á raunvöxtum spariskírteina ríkissjóðs. Það er mikilvægt að raunvextir verðtryggðra og óverðtryggðra skuldbindinga fylgist að eftir því sem kostur er. Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar fela í sér verðstöðvun og launastöðvun fram í febrúar á næsta ári. Af þessum sökum eru horfur á verulegri hjöðnun verðbólgu litið nokkra mánuði fram í tímann. Þetta á við hvort sem miðað er við lánskjaravísitölu þá sem hefur verið í gildi undanfarin ár eða hina nýju lánskjaravísitölu sem ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum að reikna. Á þessum grundvelli er nauðsynlegt að nafnvextir lækki um 5—10% á næstu vikum. Fyrsta skrefið þarf að koma þegar um 10. október nk. Ákvarðanir um þær breytingar þurfa að tengjast ákvörðunum um vexti á verðtryggðum skuldbindingum. Með öðrum orðum þar sem stefnt er að lækkun raunvaxta þarf lækkun nafnvaxta af óverðtryggðum skuldbindingum að vera heldur meiri en sem nemur fyrirsjáanlegri hjöðnun verðbólgu. Á næstunni mun fyrir alvöru reyna á það fyrirkomulag vaxtaákvarðana sem leitt var í lög á árunum 1985—1987. Það gengur nú undir haustpróf.

Höfundur er viðskipta- og iðnaðarráðherra.



Frá sextánda þingi Landssambands slökkviliðsmanna í gær.

Landsþing slökkviliðsmanna

SEXTÁNDA þing Landssambands slökkviliðsmanna fer nú fram á Hótel Esju en þingið sækja slökkviliðsmenn víða af landinu.

Til umræðu á þinginu verða m.a. tryggingamál slökkviliðsmanna, en í fréttatilkynningu frá slökkviliðsmönnum segir að þau séu í hinum megnasta ólestri, kjaramál og úttekt Vinnueftirlits ríkisins á slökkvistöðvum.

Ársþing Íþróttaráðs L.H. í Mosfellsbæ:

Tvö framboð í formannskjör

Hestar

Valdimar Kristinsson

Búist er við líflegu þingi í Hlégarði í Mosfellsbæ í dag þegar Íþróttaráð Landsambands hestamanna heldur ársþing sitt. Ljóst er að mörg mikilvæg mál verða þar á dagskrá auk þess sem vitað er um framboð á móti formanni ráðsins Pétri Jökli Hákonarsyni sem gefur kost á sér til endurkjörs.

Sá er hyggst gefa kost á sér til formennsku er Hallgrímur Jóhannesson frá íþróttadeild Mána í Keflavík. Aðspurður um ástæður fyrir framboði sínu sagði Hallgrímur þær að stjórnir fjögurra íþróttadeilda, Fáks, Andvara, Gusts og Sörla hefðu farið fram á það við sig að hann gæfi kost á sér og hefði hann ekki talið sér fært að neita þeirri bón. Sjálfur sagðist hann ekkert hafa á móti Pétri sem formanni.

Pétur sem gegnt hefur formennsku í íþróttaráði í tvö ár var endurkjörinn á síðasta ári á Húsavík með meginþorra atkvæða. En það verða fleiri mál á dagskrá en stjórnarkjör og er búist við mikilli umræðu nýjar keppnisreglur fyrir heimsmeistaramót sem samþykktar voru í byrjun september á aðalfundi F.E.I.F. (Samtök eigenda íslenskra hesta í Evrópu). Helstu breytingar voru þær að nú er röðun gangtegunda í forkeppnifjór- og fimmgangi frjáls og í úrslitum hefur röðun verið breytt frá því sem var þannig að nú er fyrst riðið tölt síðan brokk þá fet og endað á stökki og yfirferð, tölti eða skeiði. Þá hefur einkunarskalanum verið breytt úr 1 til 15 í 1 til 10. Líklegt þykir að umræðan snúist um það hvernig keppni verður hagað í úrtökunni næsta sumar þar sem lið Íslands verður valið.

Þá verður innganga hestamanna í Í.S.Í. á dagskrá og mun Sigurður Magnússon framkvæmdastjóri Í.S.Í. mæta á þingið. Að sögn Péturs Jökuls er í ráði að stofna sérsamband hestamanna innan Í.SÍ. í nóvember.

Að þingi loknu halda Harðarfélagar dansleik fyrir þingfulltrúa sem verða nú um eða yfir hundrað og verður þetta fjölmennasta ársþing Íþróttaráðs til þessa og að öllum líkindum það síðasta þar sem allt bendir til að Íþróttaráð verði lagt niður eftir stofnun sérsamabndsins.

Athugasemd

Í FRÉTT Morgunblaðsins á fimmtudaginn segir að lensur Sæljóns EA, sem sökk fyrir norðan Siglunes á miðvikudaginn hafi ekki virkað þegar leki kom að bátnum. Gunnar Þór Sveinbjörnsson, útgerðarmaður bátsins, segir að þetta sé ekki rétt.



Sigrún Eldjárn



Guðrún Gunnarsdóttir

Tvær sýningar opnaðar á Kjarvalsstöðum

TVÆR myndlistarsýningar verða opnaðar í dag, laugardag, í vestursal Kjarvalsstaða. Guðrún Gunnarsdóttir sýnir textílverk og Sigrún Eldjárn sýnir olíumálverk.

Þær Guðrún og Sigrún hafa báðar haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Sýningarnar eru opnar daglega kl. 14—22. Þeim lýkur 23. október.

Leiðrétting

Nafn eiginkonu Sveins Sæmundssonar, blaðafulltrúa Flugleiða, misritaðist í blaðinu í gær. Hún var sögð heita Karólína Stefánsdóttir en rétt nafn er María Jónsdóttir.

Morgunblaðið biðst velvirðingar á þessum mistökum.

Athugasemd vegna ummæla

Steinþór Skúlason forstjóri Sláturfélags Suðurlands vill taka eftir farandi fram vegna ummæla sinna í frétt og sérstaklega fyrirsögn, um hækkun sláturkostnaðar á kindakjötsbirgðunum sem birtist á bls. 2 í Morgunblaðinu í gær:

Það var ekki ætlun mín að gera lítið úr viðleitni annarra sláturleyfishafa við að selja kindakjötið, heldur vildi ég koma því til skila að þetta form á verðlagningu kallar á útjöfnun á milli sláturleyfishafa. Það ætti að gerast í hlutfalli við innvegið magn 1987 enda er tapið vegna slátrunarinnar en ekki vegna geymslu kjötsins.

Fiskverð á uppboðsmörkuðum 7. október.

FAXAMARKAÐUR hf. í Reykjavík

	Hæsta verð	Lægsta verð	Meðalverð	Magn (lestir)	Heildarverð (kr.)
Ýsa	72,00	72,00	72,00	0,519	37.358
Ufsi	20,00	20,00	20,00	0,253	5.060
Karfi	35,00	35,00	35,00	0,251	8.785
Steinbítur	35,00	32,00	33,44	0,993	33.204
Langa	28,00	28,00	28,00	0,272	7.616
Lúða	190,00	190,00	190,00	0,246	46.740
Samtals			54,76	2,534	138.773

Selt var úr bátum. Næstkomandi mánudag verður selt úr netabátum.

FISKMARKAÐUR SUÐURNESJA hf.

Þorskur	52,50	45,00	49,05	4,700	230.550
Ýsa	81,00	76,00	79,28	3,000	237.825
Langa	29,50	20,00	27,06	1,070	28.950
Keila	12,00	12,00	12,00	0,500	6.000
Lúða	167,00	167,00	167,00	0,100	16.700
Samtals			54,90	9,370	518.980

Selt var aðallega úr Þorsteini Gíslasyni GK, Ólafi GK og Eldeyjar-Boða GK. Í dag verða meðal annars boðin upp 30 tonn af ufsa úr Hrungni GK. Einnig verður selt úr dagróðrabátum og hefst uppboðið klukkan 14.30.

SKIPASÖLUR í Bretlandi 3.10.- 7.10.

Þorskur	94,41	179,650	16.960.302
Ýsa	93,45	37,405	3.495.442
Ufsi	38,96	36,415	1.418.663
Karfi	44,91	10,295	462.353
Koli	98,34	4,900	481.842
Grálúða	89,19	0,020	1.784
Blandað	81,34	19,155	1.558.113
Samtals	84,69	287,840	24.378.498

Selt var úr Vísi SF í Hull á mánudaginn, Hafnarey SU, Hrísey SF og Lyngey SF í Hull á þriðjudaginn og Gullveri NS í Grimsby á fimmtudaginn.

GÁMASÖLUR í Bretlandi 3.10.- 7.10.

Þorskur	93,14	232.025	21.610.704
Ýsa	88,87	181,555	16.134.649
Ufsi	49,21	12,065	593.768
Karfi	43,41	8,555	371.406
Koli	91,21	57,575	5.251.238
Grálúða	100,92	0,115	11.606
Blandað	118,90	41,661	4.953.602
Samtals	91,70	533,551	48.926.956

SKIPASÖLUR í Vestur-Þýskalandi 3.10.- 7.10.

Þorskur	82,76	41,391	3.425.542
Ýsa	75,77	7,443	563.971
Ufsi	52,03	206,754	10.757.827
Karfi	74,53	143,443	10.691.191
Grálúða	92,48	1,175	108.663
Blandað	36,85	12,675	467.067
Samtals	63,01	412,881	26.014.261

Selt var úr Hólmanesi SU í Bremerhaven á mánudaginn, Birtingi NK í Bremerhaven á þriðjudaginn og Happasæli KE í Cuxhaven á þriðjudaginn.

GENGI OG GJALDMIÐLAR

GENGISSKRÁNING
Nr. 191. 7. október 1988

Ein. kl. 09.15	Kr. Kaup	Kr. Sala	Tollgengi
Dollari	47,91000	48,03000	48,26000
Sterlp.	81,11200	81,31500	81,29200
Kan. dollari	39,57100	39,67000	39,53100
Dönsk kr.	6,67870	6,69550	6,70320
Norsk kr.	6,93490	6,95230	6,96140
Sænsk kr.	7,49470	7,51350	7,48740
Fi. mark	10,88860	10,91590	10,92320
Fr. franki	7,53860	7,55750	7,54240
Belg. franki	1,22520	1,22820	1,22570
Sv. franki	30,26530	30,34110	30,32360
Holl. gyllini	22,78550	22,84260	22,78460
V-þ. mark	25,68690	25,75130	25,68110
Ít. líra	0,03445	0,03453	0,03444
Austurr. sch.	3,65240	3,66150	3,65010
Port. escudo	0,31210	0,31290	0,31140
Sp. peseti	0,38860	0,38960	0,38760
Jap. yen	0,35874	0,35964	0,35963
Írskt pund	68,89200	69,06500	68,85000
SDR (Sérst.)	62,10670	62,26230	62,31140
ECU, evr.m.	53,26150	53,39500	53,29110

Tollgengi fyrir október er sölugengi 28. september.
Sjálfvirkur símsvari gengisskráningar er 62 32 70.